

gjald til jarðareiganda, ákveðið án tillits til hins nýja gjalds til sveitarinnar, og kemur þessi skilningur á fyrirmælum 1. greinar enn ljósar fram við ástæðurnar fyrir tjeðu lagaboði, þar sem látið er í ljósi, að gjaldið framvegis ekki eigi að falla burt, þótt annar en kaupstaðurinn sjálfur eigi lóðina, og gjörir ráð fyrir, að þeir, sem síðar byggi slík hús, verði að greiða bæði lóðargjald til jarðareiganda og til kaupstaðarinnis í þarfir hans af húsum með lóð. Nokkuð líkt átti og stað áður með hús úr steini og timbri eptir reglugjörð 27. nóvember 1846, enda þótt annar en bærinn væri jarðeigandi.

Af þessu leiðir, að hina stefndu bæjarstjórn ber að dæma sýkna af öllum rjettarkröfum áfrýjanda og að hin áfrýjaða lögtaksgjörð skuli standa óröskuð, en að því er málskostnað snertir, virðist rjett, að hann eptir atvikum falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á óröskuð að standa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 11. marzmán.

Nr. 5/1878:

Hið opinbera
gegn

Jóni Magnússyni á Kúludalsá.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins í suðuramtinu, dags. 7. dag ágústmán. 1876, var Jón landshöfðingjaritari Jónsson settur lögreglustjóri í fjárkláðamálinu á svæðinu milli Hvítár í Borgarfirði og Hvítár í Árnessýslu, löggiltur til að fara með og dæma mál það, sem hjer er undir áfrýjun. Stefnan til hins ákærða, Jóns Magnússonar á Kúludalsá, var aptur á móti gefin út af nefndum embættismanni 5. dag s. m., eða 2 dögum á undan

löggildingunni. Hinn kærði hefur ekki mætt nje mæta látið af sinni hendi eptir stefnunni, er málið fjell í rjett hinn 16. næst á eptir, og er málið þá tekið upp til dóms og dómur kveðinn upp í því sama dag. Undir-rjettarstefnan í máli þessu er þannig gefin út af manni, sem hvorki hafði eptir embættisstöðu sinni næga heimild til að framkvæma dómarastörf nje heldur hafði, þá er hann gaf stefnuna út, fengið sjerstaka löggildingu til að fara með mál þetta. Þar við bætist, að ekki verður sjeð af vottorðinu um birtingu stefnunnar, hvort hún hafi verið birt hinum kærða sjálfum, eða fyrir hverjum hún hafi verið birt, sbr. tilskip. 3. júní 1796, 20. grein, heldur segir þar að eins, að stefnan hafi verið birt á löglegan hátt á heimili hins kærða, en um það, hvort stefna sje löglega birt, eru stefnuvottarnir ekki bærir að dæma.

Með því að ekki verður álitíð eptir áður sögðu, að hinn kærði sje löglega stefndur, og hann ekki hefur mætt eptir stefnunni, þá ber að dæma hinn áfrýjanda lögreglurjettardóm og alla meðferð málsins í hjerði ómerkt. Allan kostnað af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum er ákveðast 12. krónur banda hvorum þeirra, virðist eptir atvikum eiga að greiða úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi lögreglurjettardómnr og öll meðferð málsins í hjerði á ómerkt að vera. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteds

og Guðmundar Pálssonar, 12 kr. til hvors þeirra um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Þriðjudaginn 23. aprílm.

Nr. 32/1877:

Hið opinbera

gegn

Jóni Breiðfjörð og

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er risið út af því, að amtmaðurinn í suðuramtinu hafði í brjefi dagsettu 17. desember 1875 skipað hinum kærða Jóni Breiðfjörð, hreppstjóra í Vatnsleysustrandarhreppi að skila eigendunum aptur sauðkindum, er hann sem hreppstjóri og skipaður aðstoðarmaður lögreglustjórans í fjárkláðamálinu hafði tekið af þeim og hafði í sinni gæzlu, en þrátt fyrir ítrekaðar áminningar amtmanns óhlýðnaðist hinn kærði þessari skipun. Út af þessu lagði amtmaðurinn í brjefi dags. 21. febrúarmán. 1876 fyrir sýslumanninn í Gullbringu og Kjósarsýslu að höfða mál á móti hinum kærða fyrir óhlýðni gegn framannefndri skipun sinni, en í fyrsta rjettarhaldinu í málinu, 8. marzmán. næst á eptir, bauðst hinn kærði, til þess að komast hjá lögsókn, til að greiða 15 króna sekt fyrir þessar gjörðir sínar og allan kostnað af málinu, og samkvæmt því gjörði amtmaðurinn hinum kærða með úrskurði 10. aprílmán .s. á. 15 króna sekt fyrir óhlýðni hans. Hinn kærði vildi samt ekki una þessum úrslitum, og fór þess á leit, fyrst við landshöfðingja og síðan við stjórnarherra, að hann yrði losaður við að greiða tjeða sekt, eða þá að þær athafnir hans, er hefðu valdið sektinni, yrðu rannsakaðar og dæmdar af dómstólunum, en í brjefi dags. 9. febrúarmán. 1877 úrskurðaði stjórnarherra,